

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/475
komudagur 8.12.2005


Reykjavík 5. desember 2005.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, 22. mál.

Sjómannasambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Þingsályktunartillaga um sama efni hefur verið flutt á Alþingi undanfarin misseri en ekki fengist útrædd og er því endurflutt.

Sjómannasamband Íslands er enn þeirrar skoðunar að löngu sé orðið tímabært að setja lög um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Það verður að teljast undarlegt að ár eftir ár fáist tillaga um þetta efni ekki rædd á Alþingi og málinu þar með stungið undir stól þrátt fyrir skýr ákvæði íslenskra samkeppnislaga um að efla skuli virka samkeppni í viðskiptum og þar með að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta. Samkeppnislögunum er meðal annars ætlað að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fíakeppni og samkeppnishömlum. Í sjávarútvegi viðgengst enn sá viðskiptamáti að sami aðili sé bæði seljandi og kaupandi á ónunnum fiski og geti í því ljósi nánast ákveðið einhliða hvert verðið er á fiskinum óháð markaðsaðstæðum hverju sinni. Slík einokun í viðskiptum með óunninn fisk getur varla verið í anda samkeppnislaganna. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er óviðunandi ástandi á innlendum fiskkaupamarkaði vel lýst og þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Ein leið til að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á ónunnum fiski og þar með að stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum með óunninn fisk er að setja lög um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Sjómannasamband Íslands leggur því til að þingsályktunartillagan verði samþykkt þannig að skipuð verði þriggja manna nefnd er fái það hlutverk að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson